

**89** hegning liggir við eftir öðrum lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektafjenu, en hinn helmingurinn falli í sveitarsjóð eða sveitarsjóði hlutaðeigandi upprekstrarfjelaga.

59. gr. Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numinn úr gildi reglugjörð fyrir Húnavatns-sýslu um fjallskil o. s. frv. frá 2. júní 1892.

Amtsráð Norduramtsins, 21. júní 1898.

*Páll Briem.*

**90**

### Fiskiveiðasamþykkt.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886, um breyting á tyrnefndum lögum, gjört eftirfylgjandi

#### SAMÞYKKT,

sem hefir inni að halda breyting á 1. gr. samþykktar um hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, frá 20. okt. 1888, sbr. samþykkt 31. ágúst 1895.

Á tímabilinu frá 1. desember til 10. marz ár hvert má enginn, sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af hákarli í sjó (skrokkum eða innýflum), án þess lífsnauðsyn liggir við.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til þess að öðlast gildi 1. desember 1898.

Islands Vesturamt, Reykjavík 30. júlí 1898.

*J. Havsteen.*

**91**

### Reikningur.

yfir tekjur og gjöld þúsundáraafmællissjóðs Eyjafjarðar 1897.

#### Tekjur:

1. Gjóf frá fyrrum sýslumanni Skúla Thoroddsen og konu hans	
Theódóru Thoroddsen . . . . .	kr. 1000 00
2. Vextir til $\frac{11}{6}$ '97 . . . . .	— 4 33
	<hr/>
	kr. 1004 33

#### Gjöld:

1. Í skuldabryfum gegn fasteignarveði . . . . .	kr. 1000 00
2. Í sjóði . . . . .	— 4 33
	<hr/>
	kr. 1004 33

Skrifstofu Norduramtsins, 15. jan. 1898.

*Páll Briem.*